

Greinargerð, uppdráttur og umhverfismat hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Holti, 8. nóvember 1998.

F.h. hreppsnefndar Svínavatnshrepps,
Jóhann Guðmundsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna
brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim,
nr. 280 14. maí 1998.**

1. gr.

Við viðauka I bætist:

**XII. KAFLI (88.-99. gr.). Um fébætur og váttryggingu
93. gr.**

1. mgr.	Váttryggingarskylda vanrækt	8.000
---------	-----------------------------	-------

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 57 22. maí 1997, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. nóvember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Benedikt Bogason.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um fjarskiptabúnað
og fjarskipti íslenskra skipa nr. 295/1994.**

1. gr.

Á eftir 29. gr. komi ný grein sem orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Fresta skal gildistöku ákvæða 2.2, 2.3, 8.6, 14.2, 14.3, 20.3 og 22.4 vegna eldri fiski-
skipa 24 metra og lengri til 1. febrúar 2000.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 öðlast
þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 10. nóvember 1998.

Halldór Blöndal.